

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/78*  
*komudagur 12.11.2004*

Fjárlaganefnd Alþingis  
Alþingi v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. nóvember 2004  
2004100004/019  
JGO/ph

### **Fjárhagsleg staða Náttúrufræðistofnunar Íslands í tengslum við gerð fjáráukalaga fyrir árið 2004 og fjárlaga fyrir árið 2005**

Náttúrufræðistofnun Íslands á við verulega fjárhagserfiðleika að etja eins og fram kemur í meðfylgjandi bréfi Ríkisendurskoðunar, dags. 11. þ. m., til umhverfissráðuneytisins, og í meðfylgjandi ársskýrslu Náttúrufræðistofnunar fyrir árin 2003-2004 (sjá ávarp fostjóra og kafla um fjármál) þar sem þróun fjárhags 1999-2004 er rakin.

Ástæður fyrir umsnúningi sem verður á rekstrarafkomu Náttúrufræðistofnunar eftir 2001 eru margvíslegar. Síðustu ár hafa framlög hins opinber til stofnunarinnar lækkað verulega að raunvirði og sértekjur stofnunarinnar dregist mikið saman. Á sama tíma hefur kostnaður stofnunarinnar af venjubundinni starfsemi aukist mikið og munar þar mestu um vaxandi húsnæðis-, ferða- og launakostnað og kostnað af hugbúnaðarleyfum. Við þessu hefur verið reynt að bregðast með því að fækka starfsfólki, draga úr vettvangsrannsóknum og yfirvinnu og með ýmsum öðrum sparnaðaraðgerðum. Þessi viðbrögð hafa vissulega leitt til lægri útgjalda en hafa ekki dugað til að laga rekstur stofnunarinnar að fjárheimildum hennar. Nú er svo komið að stofnunin er ekki aðeins með verulegan uppsafnaðan fjárhagsvanda heldur er hún einnig með of veikan fjárhag fyrir þá skertu starfsemi sem í gangi er. Starfsfólki hefur fækkað það mikið og fjárhagur er orðinn svo bágur að stofnunin nær ekki lengur að sinna lögbundnum verkefnum sínum með fullnægjandi hætti.

Umsnúningurinn sem varð á rekstri var af orsökum sem stjórnendur stofnunarinnar réðu ekki við og gerðist með svo litlum fyrirvara að ekki var hægt að bregðast við með nægilega skjóttum hætti. Hafa ber í huga að mestur hluti sértekna kemur frá stjórnvöldum og öðrum opinberum stofnunum og fyrirtækjum. Það er alveg ljóst að stofnunin er of háð sveiflukennndum sértekjum, sem eru utan valdsviðs hennar að ákveða frá ári til árs. Ef áætlanir ganga ekki eftir lendar stofnunin í vanda sem ekki er hægt að bregðast við nógu hratt til að halda henni innan settra fjárheimilda.

Vandi Náttúrufræðistofnunar er orðinn það mikill að hann verður ekki leystur nema styrkja fjárhagsgrunn hennar verulega eða með því að draga enn frekar og mjög mikið úr starfseminni. Verði síðari leiðin valin mun stofnunin ekki geta sinnt nema hluta af grundvallarverkefnum sínum og stæði frammi fyrir gjörbreytingu á allri starfsemi. Taka þyrfti markvissa ákvörðun um fækkun verksviða þar sem Náttúrufræðistofnun þarf eins og aðrar stofnanir ríkisins að halda sig innan fjárheimilda. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2005 er gert ráð fyrir nokkurri raunhækkun til Náttúrufræðistofnunar, en sú hækkun hrekkur ekki nema að hluta til fyrir auknum húsaleigugreiðslum Akureyrarseturs stofnunarinnar. Það er því í raun enn verið að lækka framlag til stofnunarinnar verulega að raunvirði eitt árið í viðbót.



Náttúrufræðistofnun óskaði í mars sl. eftir að Ríkisendurskoðun framkvæmdi stjórnarsýslu- og fjárhagsendurskoðun á stofnuninni. Skýrslu Ríkisendurskoðunar þar að lútandi er að vænta innan fárna daga. Í ljósi þess vanda sem við er að etja óskar Náttúrufræðistofnun eftir að eftirfarandi lagfæringar verði gerðar á framlögum til hennar í fjárukalögum fyrir árið 2004 og fjárlögum fyrir árið 2005.

#### Fjárukalög ársins 2004

1. Veitt verði 8 m. kr. framlag til að bæta stofnuninni upp hækkun á leigugreiðslum fyrir húsnæði sem rætur eiga að rekja til samninga sem gerðir voru af umhverfisráðuneyti og fjármálaráðuneyti árið 2002 og stofnunin átti að fá bættar að fullu, en ekki hefur gengið eftir og eru hluti af uppsöfnuðum vanda.
2. Veitt verði 5 m. kr. framlag til svokallaðs skógvistarverkefnis, sem ráðist var var í árið 2002 með vitund og vilja umhverfisráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis að fengnu vilyrði um að kostnaður yrði greiddur á fjárukalögum þess árs. Kostnaður ársins 2002 hefur enn ekki fengist bættur, en verkefnið hefur verið kostað af styrkjum frá Rannís 2003 og 2004.
3. Veitt verði 7 m. kr. framlag til að mæta kostnaði ársins 2004 af flutningi Akureyrarseturs stofnunarinnar í nýtt húsnæði í Borgum, nýtt rannsóknahús við Háskóla Akureyrar.
4. Tekið verði á uppsöfnuðum halla stofnunarinnar með einhverjum hætti.

#### Fjárlög ársins 2005

1. Fallið verði frá fyrirhuguðum niðurskurði á ríkisframlögum til gerðar jarðfræði- og vistgerðakorta af landinu, en í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að niður falli 2,5 m. kr. til jarðfræðikortagerðar og 7,5 m. kr. til að skilgreina og skrá vistgerðir landsins.
2. Veitt verði 30 m. kr. framlag til að styrkja rekstrargrunn stofnunarinnar og lækka óraunhæfa sértekjuáætlun úr 127 m. kr. í 85 m. kr., en ekki er raunhæft að búast við hærri tekjum árið 2005. Sértekjur ársins 2004 verða væntanlega um 88 m. kr.
3. Auka ríkisframlag til greiðslu á húsnæðiskostnaði Akureyrarseturs um 3 m. kr. svo stofnunin fái kostnaðarauka af flutningi í nýtt húsnæði bættan að fullu.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

